



BORGARSKJALASAFN REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 397

**Hólmfríður Kragh og  
Kristján Ólafsson**

Skjalaskrá

*Einkaskjalasafn nr. 397*

## Hólmfríður Kragh og Kristján Ólafsson

Sendibréf, skjöl, ljósmyndir o.fl., úr dánarbúi systkinanna Hólmfríðar Ólafsdóttur Kragh og Kristjáns Valgeirs Ólafssonar, sem fannst á Birkimel 6b. Safnið nær yfir tímabilið 1908-1999.

Hólmfríður Ólafsdóttir Kragh var fædd 29. ágúst 1913 í Reykjavík. Hún lést á Vífilstöðum 22. júní 1997. Foreldrar hennar voru Guðrún Erlendsdóttir, fædd 7. júlí 1886, dáin 18. janúar 1950 og Ólafur Theódór Guðmundsson, byggingarmeistari, fæddur 24. nóvember 1873, dáinn 4. mars 1950. Hólmfríður átti fimm alsystkini og þrjú hálsystkini. Hólmfríður giftist 1933 Hans Kragh, tæknifulltrúa hjá Símsstöðinni í Reykjavík. Hans var fæddur 24. desember 1908 og lést 9. desember 1978. Hann var sonur Kristólínu Guðmundsdóttur Kragh (1883-1973) sem var fyrsta íslenska konan til að fá hárgreiðslumeistararéttindi í Reykjavík og Hans M Kragh (1862-1934), símaverkstjóra sem vann meðal annars að uppsetningu Ritsímans á Íslandi. Hans hóf ungur störf hjá Landsímanum og því eru margar ljósmyndir í safninu tengdar ferðalögum vegna starfs hans. Hólmfríður og Hans bjuggu megnið af sínum hjúskap á Birkimel 6B, 3. hæð til hægri, en síðustu þrjú árin dvaldi Hólmfríður að mestu á Vífilstöðum. Þau eignuðust ekki afkomendur.

Kristján Valgeir Ólafsson fæddist 28. maí 1927 í Reykjavík. Hann lést á Hrafnistu í Reykjavík 6. júlí 2001. Foreldrar Kristjáns voru þau Guðrún Erlendsdóttir (1886-1950) frá Hvallátrum í Rauðasandshreppi og Ólafur Theódór Guðmundsson (1873-1950) byggingameistari í Reykjavík. Alsystkini Kristjáns voru fimm og hálsystkinin þrjú. Kristján dvaldist í foreldrahúsum þar til foreldrar hans létust árið 1950. Eftir það átti Kristján heimili hjá systur sinni, Hólmfríði, þar til hann keypti íbúðina að Birkimel 6B, 1. hæð til vinstri, af erfingjum Kristólínu Kragh 1973. Þar bjó hann þangað til hann flutti á Hrafnistu í Reykjavík árið 2000. Kristján vann í fyrstu hjá föður sínum við byggingarvinnu. Þá vann hann hjá verktaka þeim er byggði Áburðarverksmiðjuna og starfaði síðan hjá Áburðarverksmiðjunni 1954-1995.

Fjölbýlishúsið Birkimelur 6 var byggt af Byggingarfélagi símamanna.

Katrín Theodórsdóttir afhenti Borgarskjalasafni Reykjavíkur skjalasafnið 7. ágúst 2009

## Skjalaskrá

### Bréfa- og málasafn 1908-1999

#### Askja 1

Bréfa- og málasafn 1908-1999.

#### Örk 1

Kristján konungur X. gefur Hans Kragh og Hólmfríði Ólafsdóttur leyfi til að gifta sig, 9. nóvember 1933.  
Kort frá Hans Kragh til Hólmfríðar Kragh, 1935 og 1959.

Afmælis- og jólakort til Hans Kragh, 1938.

Fæðingar- og fermingarvottorð Hans Kristjáns Kragh, dagsett 12. júní 1942.

Sakavottorð, vegna Hans Kristjáns Kragh, dagsett 21. júní 1947.

Afmælisskeyti til Hólmfríðar frá Siggú og Mac 1963.

Vegabréf Hólmfríðar Kragh, 29. maí 1974.

Ónæmisskírteini Hans Kragh, 1975-1976.

Umslag: passamyndir af Hans Kragh, án árs.

Vottorð frá Þórði Oddsyni lækni, vegna Hólmfríðar, 15. ágúst 1988.

Grafskrift Hólmfríðar P. Ólafsdóttur Kragh, 1997.

Úrklippa úr Morgunblaðinu, minningargrein um Hólmfríði Ólafsdóttur Kragh, 1. júlí 1997.

#### Örk 2

Byggingarsamvinnufélag símamanna. Tilkynning um að greiða skuli viðbótarframlag vegna eignar í fjölbýlishúsinu að Birkimel 6, 28. nóvember 1948.

Staðfesting Ólafs Th. Guðmundssonar vegna úthlutunar fjárhagsleyfis til að byggja íbúðarhús á lóðinni Landholtsvegur 170, 17. ágúst 1949.

Minnismiði, án árs.

Yfirlýsing Hans Kragh um að hann sjái um afborganir af lánum og vaxta af íbúð sinni að Birkimel 6B, 3. hæð til hægri, 31. maí 1951.

Byggingarsamvinnufélag símamanna. Yfirlýsing um að félagið hafi tekið á leigu lóðina nr. 6, 6A og 6B við Birkimel til byggingar fjölbýlishúss vegna félagsmanna, 16. júní 1966, ljósrit.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins. Skuldabréf á nafni Hólmfríðar Kragh, 20. júní 1966 og veðleyfi í íbúðinni 6B, 3 hæð til hægri, við Birkimel, 1. júní 1966.

Yfirlýsing þeirra Kristólínu Kragh, eiganda íbúðar á 1. hæð til vinstri og Hans Krag, eiganda íbúðar á 3. hæð til hægri, Birkimel 6B, um að þau víxli herbergjum í risi og kjallara sem íbúðunum fylgja, 21. nóvember 1972.

Erfðafjárskýrsla Kristólínu Kragh, 1. ágúst 1973, ljósrit.

Borgarfégetinn í Reykjavík. Staðfesting á því að börn Kristólínu Kragh yfirtaki íbúðina að Birkimel 6B, 1. hæð til vinstri, 9. október 1973.

Kaupsamningur. Kristján Ólafsson kaupir íbúðina að Birkimel 6B, 1. hæð til vinstri, af erfingjum Kristólínu Kragh, 10. október 1973.

Afsal. Eigendur íbúðarinnar að Birkimel 6B, 1. hæð til vinstri afsala sér eigninni til Kristjáns Ólafssonar, 22. mars 1974.

Söfnunarsjóður Íslands. Veðbandslausn vegna íbúðarinnar að Birkimel 6B, 3 hæð t.h., 2. febrúar 1977.

Byggingasjóður ríkisins. Hans Kragh tekur íbúðarlán með veði í Birkimel 6B, 3 hæð til hægri, 17. mars 1978.

Byggingasjóður ríkisins. Hans Kragh tekur íbúðarlán með veði í Birkimel 6B, 3. hæð t.h., .3. apríl 1978. Borgarfélagið í Reykjavík. Erfðafjárskýrsla Hans Kragh, 22. maí 1979.

Skiptayfirlýsing. Staðfesting frá Hólmfríði Kragh að hún eigi ein íbúðina að Birkimel 6B, 3 hæð til hægri, 27. nóvember 1979.

Úrskurður Kjararáðs vegna Adolfs Guðmundssonar og Hans Kragh, 29. nóvember 1972.

### **Örk 3**

Bréf, kort, o.fl. til Hólmfríðar Kragh frá Sigríði Ólafsdóttur McKenzie systur hennar, 1975-1990. Sigríður var gift John McKenzie sem var um skeið sendiherra á Íslandi.

Passamynd af Sigríði Ólafsdóttur McKenzie, án árs.

### **Örk 4**

Ýmis bréf, kort o.fl., til Hólmfríðar Kragh, Hans Kragh og Kristjáns Ólafssonar, 1961-1990.

### **Örk 5**

Kristólína Guðmundsdóttir Kragh og Hans M. Kragh, bréf, kort o.fl. 1908-1952.

Ljósmyndir af Kristólínu Kragh o.fl. án árs.

Jólaort til Kristólínu Kragh frá Jóhannesi Kjarval 1955.

### **Örk 6**

Umslag merkt María Gísladóttir, í því er Bréf til Maju frá pabba, án árs  
Lottomiði, 1991.

Kort frá gleraugnaverslun Ingólfs S. Gíslasonar, án árs.

Ábyrgðarskýrteini fyrir kjötskurðarhníf, án árs.

### **Örk 7**

Kristján Ólafsson, passamyndir, án árs.

Kristján Ólafsson, sjúkrasamlagsskírteini, 1989.

Kristján Ólafsson, boðskort frá enska sendiráðinu, án árs.

Eimskip h.f., tilkynning til Kristjáns Ólafssonar vegna hlutfjáreignar, 1997.

Kristján Ólafsson, afmælis- og jólaort, 1939, 1987-1999.

Kristján Ólafsson, kort vegna prófkjörs, 1990.

*Umslag:*

Jólaort til Hólmfríðar Kragh, Hans Kragh og Kristjáns Ólafssonar 1951, 1976-1995.

*Afmælisdagabók*, 1944.

### **Askja 2**

*Bréfa- og málasafn 1940-1994.*

*Umslag:*

Kort til Guðrúnar Erlendsdóttur frá dóttur hennar Sigríði Ólafsdóttur, án árs.

Minningarkort og skeyti vegna Guðrúnar Erlendsdóttur, 1950.

*Umslag:*

Afmælisort til Ólafs Th. Guðmundssonar, 1940.

Minningarkort vegna Ólafs Th. Guðmundssonar, 1950

*Umslag:*

Minningarkort vegna Kristólínu Kragh, 1973.

Skeyti til Hans og frú, án árs.

*Umslag:*

Þakkir fyrir send afmælis- brúðkaups- og samúðarkort, 1968-1994.

*Möppur:*

*Prospektkort.* Minningarkortveður- samúðarkort vegna Hans Kragh, 1978, tvær möppur.

## Prentað mál og bókhald

### Askja 3

*Prentað mál og bókhald 1947-1998.*

*RKÍ fréttir*, 60 ára afmælisrit, 1984.

*Fréttabréf Neskirkju*, 1989.

*Sjóvá*, tryggingabæklingar, án árs.

*Langahlíð 3* og *Frostaskjól*, K.R. heimilið, vikudagskrá.

*Félag eldri borgara*, fréttabréf 1989, 1991.

*Ríkisútvarpið*, auglýsingabæklingur, án árs.

*S.Í.B.S fréttir*, 1989, 1990.

*Örn og Örygur*, bókamarkaður og póstverslun, bæklingur, án árs.

*Málning h.f.*, bæklingur, án árs.

*Eftirlaunadeild F.Í.S.*, vegna skemmtiferðar, 1987.

Kort, myndir frá Tarn Hows og Windermere Lake and Langdale Pikes o.fl.

*Umslag:*

Fyrsta dags frímerki 1947-1968.

*Umslag:*

Kort, umslög og frímerki.

Úrklippur úr blöðum, mest minningargreinar, 1996 og 1998.

Minningargrein og samúðarkort vegna Ólafs T. Ólafssonar 1989.

### Örk 1

*Bókhaldsgögn Hólmfríður Kragh:*

Álagningaseðlar, fasteignagjöld, tryggingar, afborganir, reiknisyfirlit, rafmagn, sími o.fl., 1982-1989.

### Örk 2

*Bókhaldsgögn Hólmfríður Kragh:*

Álagningaseðlar, fasteignagjöld, tryggingar, afborganir, bankabók, Landsbankaskírteini, reiknisyfirlit, rafmagn, sími o.fl., 1984-1991.

## Ljósmyndir

### Askja 4

*Ljósmyndaalbúm.*

Fjölskyldumyndir, myndir af Sigríði Ólafsdóttur McKenzie og John McKenzie o.fl. án árs.

*Ljósmyndaalbúm.*

Fjölskyldumyndir. Einnig eru þar lausar ljósmyndir, kort frá Gunnari og Skúla, jólakort frá 1992, kvittun fyrir greiðslu hússjóðs 1992 og leiðarvísir fyrir myndlykill Stöðvar 2, án árs.

*Ljósmyndaalbúm.*

Fjölskyldumyndir, aftast í albúminu eru myndir af uppgreftri beinagrindar, án árs.

### Askja 5

*Ljósmyndaalbúm.*

Fremst eru myndir úr skíðaferð, gætu verið úr vinnutengdum ferðum Hans Kragh, síðan fjölskyldumyndir, án árs.

*Ljósmyndaalbúm.*

Myndir frá knattspyrnu, Ísland - Þýskaland 18. ágúst 1935 og myndir frá ferðalagi, án árs.

*Ljósmyndaalbúm.*

Fjölskyldumyndir, án árs.

*Ljósmyndaalbúm.*

Fjölskyldumyndir. Kristján Ólafsson gæti hafa átt myndirnar því bréf, vísa o.fl. eru fremst í albúminu, 1966-1978.

### Askja 6

*Milady. Confectionery of Quality, konfektkassi.*

Ýmsar ljósmyndir, án árs.

*Ljósmyndaalbúm.*

Fjölskyldumyndir, fáar myndir, án árs.

*Minnisbók.*

Síma- og heimilisfangabók, minnismiðar, ljósmyndir og filmur, án árs.

*Umslag:*

Merkt „Málning og ýmislegt...“ Í því er ljósmynd af barni og annað umslag merkt „Tvær ljósmyndir, Fríða, Sigga, Óli“.

*Umslag:*

Merkt „Myndir- hér eru myndir af afa“.

Tvær myndir frá 500 ára Ólafsvöku hátíð í Færeyjum 1930. Á annarri stendur, „Kóngsbóndinn Jóhannes Pétursson borinn í gullstól af flokksmönnum sínum að loknum þingfundir þennan sögulega dag“ og á hinni stendur „Kirkjubær. Hurðin að helgidóm Kirkjubæjar að okkar dómi.“

Myndir af fólki, nokkrar teknar eða framkallaðar árið 1963.

*Umslag:*

Ljósmyndir, frá fótbolta 1932, skíðaferðum og fjölskyldumyndir, jólakort frá 1935, filmur merktar Kristján Ólafsson og G. Guðmundsson, án árs.

Filmur, líklega frá Kristjáni Ólafssyni og Laufey Ásgeirsdóttur, án árs.

Hvít askja, innan í henni stendur „Turmalin“, myndirnar gætu verið teknar í Danmörku, án árs.

### Askja 7

*Ljósmyndir o.fl. líklega frá Kristjáni Ólafssyni.*

Ljósmynd í ramma, ómerkt án árs.

Ljósmyndir og filmur, póstkort frá 1974 og jólakort frá 1980-1982 í umbúðum frá framköllunarfyrtækjum. Nokkrar myndir eru merktar.

Þrjár portrettmyndir frá Tivoli í Kaupmannahöfn 1974.

Umslag með frímerkjum o.fl.

Umslög með myndum frá Surtsey og Reykjavík.

Umslag með myndum frá 1991.

Umslag með myndum frá Honudras 1989.

Reikningur frá Heimilistækjum h.f. vegna þvottavélar 1988.

### Askja 8

Ljósmyndir og filmur frá ýmsum tímum, minnismiðar o.fl.

### **Askja 9**

Ljósmyndir og filmur frá ýmsum tímum.

Ljósmyndir og filmur, líklega teknar eða framkallaðar 1959-1965.

### **Skyggnur, slidesmyndir**

#### **Askja 10**

*Skyggnur.*

Leitz kassi, ómerktur og án árs.

Braun kassi, ómerktur og án árs.

Þrír litlir kassar með skyggnum, ómerkt og án árs.

Filma í filmuboxi sem á stendur Úlfarsfell, án árs.

#### **Askja 11**

*Skyggnur.*

Enna kassar, þrír, ómerkt og án árs.

#### **Askja 12**

*Skyggnur.*

Dias kassi, ómerkt, myndirnar líklega teknar milli 1970-1980.

Kassi merktur „Sigga og Mac“, án árs.

#### **Askja 13**

*Skyggnur.*

Skyggnur, raðað í plastvasa, án árs.

Dias kassi, ómerkt, myndirnar líklega teknar milli 1970-1980.

Skráð í mars til apríl 2010

Gréta Björg Sörens dóttir